**Áfangaúttektir samkvæmt byggingarreglugerð nr. 112/2012**

Eftirtaldir verkþættir mannvirkjagerðar skulu teknir út með áfangaúttektum:

1. Jarðvegsgrunnur, áður en byrjað er á mótauppslætti eða fyllingu í slíkan grunn, þ.m.t. plötupróf.
2. Uppsláttur og bending undirstöðuveggja.
3. Lagnir í grunni, þ.m.t. rör fyrir heimtaugar rafmagns- og fjarskiptakerfa áður en þær eru huldar.
4. Frágangur raka- og vindvarnarlaga.
5. Grunnur, áður en botnplata er steypt.
6. Uppsláttur og bending allra steyptra byggingarhluta.
7. Uppbygging veggjagrinda burðarveggja, afstífing þeirra og festingar áður en klætt er.
8. Uppbygging léttra gólfa og festingar þeirra áður en klætt er.
9. Uppbygging þaka, loftun, afstífing þeirra og festingar áður en klætt er.
10. Frágangur klæðningar þaka, bæði úr timbri og öðrum efnum, þ.m.t. festingar, negling þakjárns og annar tilsvarandi frágangur.
11. Frágangur ystu klæðningar veggja, þ.m.t. festingar og loftun.
12. Uppbygging og frágangur eldvarnarveggja.
13. Uppbygging og frágangur niðurhengdra lofta og frágangur vegna eldvarna.
14. Frágangur, gerð og þykkt varmaeinangrunar.
15. Frágangur vegna hljóðeinangrunar.
16. Neysluvatns-, hitavatns-, hita-, gas-, gufu-, þrýsti- og kælikerfi ásamt einangrun þeirra, þrýstiprófun og frágangur vegna eldvarna.
17. Frárennslislagnir innanhúss ásamt eldvörnum og hljóðeinangrun þeirra.
18. Frárennslis-, regnvatns- og þerrikerfi utanhúss.
19. Stokkalagnir og íhlutar þeirra fyrir loftræsi- og lofthitunarkerfi ásamt varma- og eldvarnareinangrun og allur tilheyrandi frágangur vegna eldvarna og hljóð-einangrunar.
20. Tæki og búnaður loftræsi- og lofthitunarkerfa.
21. Þættir er varða eldvarnir sem verða huldir þannig að úttekt þeirra sé ekki framkvæmanleg við öryggis- eða lokaúttekt.